

Duo Landon

Háskólatónleikar miðvikudaginn 11. febrúar 2015 kl. 12:30
í aðalbyggingu Háskólans

texti efnisskrár:

Efnisskrá:

Bára Grímsdóttir f. 1960	<i>Já, sú var tíðin...</i> – frumflutningur	2014
Sergei Prokofief 1891 – 1953	<i>Sónata</i> fyrir tvær fiðlur, ópus 56 Andante Cantabile Allegro Commodo (Quasi Allegretto) Allegro con brio	1932
Hildigunnur Rúnarsdóttir f. 1964	úr <i>Tíu myndir fyrir tvær fiðlur</i> Moderato e dolce Allegro vivo	2006

Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg.

Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada. Hún hefur frumflutt mörg tónverk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana og í desember síðastliðnum kom út í Bandaríkjunum geisladiskurinn DIALOGUS, með fiðlueinleiksverkum sem flest voru samin fyrir hana. Árið 2008 kom út tvöfaldur geisladiskur með leik hennar á öllum þremur sönötum og þremur partítum eftir Johann Sebastian Bach.

Martin Frewer fæddist í bænum Dartford í úthverfi Lundúna og hóf að læra á píanó sex ára gamall í Dorset og nokkru síðar einnig á fiðlu. Hann stundaði nám í Oxford háskóla og útskrifaðist þaðan með gráðu í stærðfræði, en samtímis sótti hann fiðlutíma hjá Yfrah Neaman. Hann hélt áfram fiðlunámi í Guildhall School of Music & Drama í London hjá Yfrah Neaman og lærði þá einnig á víólu hjá Nannie Jaimeson.

Árið 1983 var Martin ráðinn til starfa hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur búið á Íslandi síðan. Hann hefur víða komið fram á einleiks- og kammertónleikum og er mjög laginn útsetjari.

Martin hefur jöfnum höndum nýtt stærðfræðikunnáttu sína og unnið að hönnun tölvuhugbúnaðar. Nýverðið sagði hann starfi sínu lausu hjá Sinfóníuhljómsveitinni til að geta, auk vinnu við hugbúnaðargerð, einbeitt sér að hugðarefnum sínum, kammertónlist og útsetningum.

Hlíf og Martin skipa fiðludúóið **Duo Landon**, sem er kennt við hinn þekkta fransk-bandaríska fiðlu- og bogasmið Christophe Landon, en þau leika bæði á fiðlu frá honum. Árið 2012 kom út geisladiskur Dúósins, *Íslensk fiðludúó*, með verkum eftir sex íslensk tónskáld. Þar af voru þrjú verkanna samin að beiðni Duo Landon. Hlaut sá diskur m.a. fimm stjörnur hjá tónlistargagnrýnanda Morgunblaðsins.

Bára Grímsdóttir er tónskáld, söngkona, kórstjóri og tónlistarkennari. Hún útskrifaðist úr Tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík 1983 og Tónfræðideild frá sama skóla 1989, fór til Hollands í framhaldsnám í tónsmíðum og lærði m.a. hjá Louis Andriessen. Hún hefur skrifað fjölda verka fyrir kóra, einleikshljóðfæri, kammerhópa, hljómsveitir og einnig hefur hún samið leikhústónlist. Tónverk hennar hafa verið flutt á Íslandi, hinum Norðurlöndunum og víðar í Evrópu, í Ástralíu, Kína og Bandaríkjunum.

Bára hefur verið staðartónskáld á sumartónleikum í Skálholti og þar hafa mörg verka hennar verið frumflutt. Hún hefur fengið viðurkenningar fyrir tónsmíðar og önnur menningarstörf. Geisladiskurinn *Virgo Gloriosa* var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna, en á honum eru eingöngu verk eftir Báru í flutningi kammerkórsins Hljómeyki.

Já, sú var tíðin.... Við sjáum fyrir okkur tvær mannverur, glaðar og kátar, sveiflast um saman í dansi, kannski í pínulitlu samkomuhúsi eins og var í sveitum landsins áður fyrr, úti á túni í kvöldsólinni, eða á síldarplani. En efinn og treginn eru líka til staðar. Þeim finnst lífið vera dans á rósum, það er alltaf hættu á að stinga sig á þyrnunum. Verkið er skrifað í lok 2014 fyrir Hlíf Sigurjónsdóttir og Martin Frewer.

Sergei Prokofief fæddist í Úkraínu árið 1891. Árið 1904 hóf hann nám við tónlistarháskólann í Pétursborg þar sem Rimsky-Korsakov kenndi honum tónsmíðar, Essipova á píanó og Tcherepnin kenndi honum hljómsveitarstjórnun. Hann útskrifaðist þaðan með láði. Eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar bjó Prokofief utan heimalands síns, í Bandaríkjunum, Þýskalandi og í Frakklandi uns hann sneri heim aftur með fjölskyldu sinni árið 1936. Í fyrstu var honum vel tekið af stjórnvöldum, en féll síðar í ónáð. Hann lést 5. mars 1953, sama dag og tilkynnt var um lát Stalíns.

Prokofief samdi sönötu þá er hér verður flutt er hann var í fríi í Saint Tropes á Miðjarðarhafsströnd Frakklands árið 1932 og var hún frumflutt á upphafstónleikum Tritone í París 16. desember það ár. Tritone voru samtök framfarasinnaðra tónskálda í París og að því stóðu m.a. Milhaud, Honegger, Poulenc auk Prokofiefs.

Hildigunnur Rúnarsdóttir lauk námi í tónfræðum og tónsmíðum frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Þaðan lá leið hennar í framhaldsnám hjá Günter Friedrichs prófessor í Hamborg og til Kaupmannahafnar hjá Svend Hvidtfelt Nielsen. Meðal tónsmíða Hildigunnar eru barnaópera; svíta fyrir litla hljómsveit; konsert fyrir orgel, strengi og slagverk; messa fyrir kór, fjóra sólista og hljómsveit; tónverk fyrir sópranrödd og kammersveit auk fjölda sönglaga og kammerverka.

Tíu myndir fyrir tvær fiðlur eru skrifuð af góðri þekkingu á tæknilegum möguleikum hljóðfærisins og gera heilmiklar kröfur til flytjenda. Andi Bartóks og íslenskra þjóðlaga svífur yfir vötnunum. Duo Landon frumflutti verkið 2008 og hét það þá *Tíu mínútur fyrir tvær fiðlur*.